

Greinargerð með tillögum að lagabreytingum á landsfundi LEB árið 2023

Laganefnd hefur haldið nokkra fundi til að yfirfara lög Landsambands eldri borgara. Nefndia skipuðu Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Helgi Pétursson, Reykjavík og Hallgrímur Gíslason, Akureyri. Nefndinn sendi síðan stjórn tillögurnar og eftir umræður þar var samþykkt að leggja þær fyrir landsfund til afgreiðslu.

1. Fyrsta tillaga laganefndar er að fella út orðið borgari. Hætta að tala um eldri borgara því það er mjög gildishlaðið eins og sjá má þegar umfjöllun er um eldri borgara í sjónvarpi þá eru þeir iðulega sýndir í göngugrind eða í hjólastól. Við viljum frekar nota orðin: eldra fólk. Það er einnig mikilvægt til þess að fá yngra fólk til að ganga í félögin. Við þurfum aukið afl til að ná bættum árangri til að bæta kjör fyrir okkar félagsmenn.
2. Í grein 4.3 um landsfund leggjum við til, að staðarval verði kynnt um leið og dagsetning fundarins.
3. Í grein 4.4. leggjum við til að gögnin verði send með rafrænum hætti með 3ja vikna fyrirvara til félaga.
4. Í grein 4.6 leggjum við til að þeir sem hyggjast bjóða sig fram til setu í stjórn LEF þurfa að tilkynna framboð sitt í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund. Auk þess er ákvæði um kynningu þeirra sem hyggjast bjóða sig fram.
5. Í grein 4.6 leggjum við til að uppstillinganefnd annist framkvæmd kosningu á stjórn og varastjórn.
6. Í grein 5.1 leggjum við til að fella niður ákvæði um að það þurfi að boða til félagsfundar í félögum með sama hætti og um aðalfund, til að kjósa fulltrúa á landsfund. Stjórnirnar muni því framvegis velja fulltrúana eins og víða er gert núna.
7. Í grein 5.2 leggjum við til að breytingu sem hefur talsverð áhrif á fjölda fulltrúa hjá fjölmennustu félögum, einkum í Reykjavík. Ástæða er sú að fulltrúum hefur fjölgað verulega síðustu árin. Á næsta ári verða þeir orðnir 170 og síðan er stutt í 190 fulltrúa. Þá verður erfitt að halda landsfund nema á Höfuðborgarsvæðinu þegar fulltrúarnir verða orðnir 170-190. Við skoðuðum 5 mismunandi útfærslur en niðurstaðan er sú við leggjum til að greinin hljóði þannig: Hvert aðildarfélag kys fulltrúa á landsfund þannig að fyrir 1 – 150 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, séu félagsmenn 151 – 300 fær félagið 2 fulltrúa og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 500 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Breytingin er sú að þar sem áður stóð 300 mun standa 500 og við fellum ú orðin til viðbótar. Þetta hefur í för með sér að í stað þess að fulltrúar séu 170 á þessum aðalfundi þá yrðu þeir 131. Og ef breytingarnar ná fram að ganga mun fulltrúum á landsfund ekki fjölga eins ört.